

Jólafundur

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 13.12.2022	Kl. 13:15	Staður: Gullhamrar og
Fundaboð: KEA	Fundarritari: EHJS	Teams

1. Ávarp formanns - Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis
2. Siðferði, traust og fagmennska - Vilhjálmur Árnason prófessor í heimspeki við HÍ
3. Nýir orlofskostir fyrir sumarið 2023 – Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis Kaffi
4. Kynning á nýjum gagnagrunni kjarasamninga – Elísabet S Ólafsdóttir aðstoðarsáttasemjari
5. Mugison og KK flytja nokkur lög
6. Jólakveðja til trúnaðarmanna

1. Ávarp formanns

Þórarinn Eyfjörð setti fundinn og fór yfir dagskrána og ýmis praktísk atriði og fór síðan yfir nokkra punkta úr starfinu:

- Á þriðja hundrað trúnaðarmanna á fundinum og er það stórkostleg mæting. Um 150 á fundinum og ca 80 á netfundi.
- Staðan í kjarasamningunum sl. sólarhring. Hvað var verið að semja um og hvaða áhrif hefur það á okkur?
 - Hraður gengur í samningunum, sérstaklega í ljósi dramatískra viðbragða í undanfaranum. Þórarinn fór aðeins yfir helstu áherslupunkta í nýgerðum kjarasamningi VR við SA og aðkomu ríkisins að samningnum.
- Munum reynum að nálgast okkar viðsemjendur með því að fara fram á að klára stórumálin áður en við förum í kjarasamningana.

Umræður og spurningar.

2. Siðferði, traust og fagmennska

Vilhjálmur fór yfir þessi hugtök og fyrir hvað þau standa og hvað þau merkja, hvers vegna það er svo mikilvægt að ræða þau í samtímanum og hvaða erindi þau eiga við okkur.

Hugtakið *trúnaðarmaður* er siðferðilega sterkt og vísar í traust og trúnað.

- Siðferði:
 - Vilhjálmur fjallaði um inntak siðferðis og talaði í því samhengi um gott og vont siðferði, verðmæti eða gæði, dygðir eða mannkosti, siðareglur, skyldur og réttindi

- Siðferði er tvíþætt, annars vegar innri eiginleikar einstaklinga og hins vegar ytri leikreglur sem koma skikki á mannleg samskipti.
- Traust:
 - Er félagslegt fyrirbæri, nátengt almenningsáliti og það er hægt er að mæla traust og trúverðugleika.
- Fagmennska
 - Þröngt orð sem felur oft í sér andstæður: fær og faglegur skurðlæknir en er afleitur í mannlegum samskiptum.
 - Platon: hugrekki er rotvarnarefni sálarinnar.

Umræður og spurningar

3. Nýir orlofskostir fyrir sumarið 2023

- Tenerife
 - Erum væntanlega að selja eignir á Spáni og kaupa eign á Tenerife
- Hrísey
 - Fengum tilboð um leigu í Hrísey. Íbúðin tilbúin til leigu 1. maí 2023
- Suðureyri við Súgandafjörð
 - Einbýlishús á tveimur hæðum. Efri hæðin er til leigu.
- Einarsstaðir við Hérað.
 - 80 m² bústaður. Skipti við Afl stéttarfélag, þau fá bústað frá okkur í Munaðarnesi.
- Illugastaðir í Fnjóskadal.
 - Skiptibústaður á bústað í Vaðnesi
- NiceAir gjafabréf
 - Svipaður samningur og við Icelandair.
- Hellissandur
 - Ekki frágengið en tekst vonandi fyrir sumarið

Umræður og spurningar

Kaffi

4. Kynning á nýjum gagnagrunni kjarasamninga

Elísabet kynnti nýjan gagnagrunn ríkissáttasemjara sem hefur verið unninn á síðustu mánuðum: ***rikissattasemjari.is***.

Hún sýndi heimasíðu ríkissáttasemjara og þá sérstaklega ***gagnagrunn kjarasamninga***. Ekki eru allir kjarasamningar gerðir hjá ríkissáttasemjara en verið er að vinna í því að ná inni öllum samningum. Stefnt er að því að hafa alla virka kjarasamninga þarna inni.

Stefnt er að því að setja inn alla gamla samninga líka. Vandamálið er að sumir samningarnir eru bara einnar blaðsíðu kálfar og svo eru jafnvel til kálfar við kálfana.

Heildarfjöldi gildra samninga núna eru 358

Elísabet kynnti fyrir félagsmönnum hvernig síðan virkar og hvernig hægt er að leita á síðunni.

5. Mugison og KK

Þeir félagar fluttu nokkra gullna slagara við góðar undirtektir félagsmanna

6. Jólakveðja til trúnaðarmanna.

- Þórarinn upplýsti fundarmenn um þá stuðningsaðila sem Sameyki styður með fjárframlögum fyrir jólin.
- Jólagjöf Sameykis til trúnaðarmanna var send í ábyrgðarpósti til fulltrúaráðs og trúnaðarmannaráðs.
- Þórarinn þakkaði trúnaðarmönnum kærlega fyrir frábært starf á líðandi ári og óskaði þeim gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Fleira var ekki gert og þakkaði Þórarinn fyrir góðan og gagnlegan fund.

Fundi slitið kl. 15:30